

# Útfærsla launaþróunartryggingar samkvæmt rammasamkomulagi aðila vinnumarkaðarins

## Forsendur

Í ákvæði rammasamkomulags aðila vinnumarkaðarins um sameiginlega launastefnu, dags. 27. október 2015, er lýst ákveðnu fyrirkomulagi til að vinna gegn misgengi í launaþróun á samningstímanum, og nefnt er launaskriðstrygging í samkomulaginu. Tilgangur ákvæðisins er að koma í veg fyrir að opinberir starfsmenn sitji eftir í almennri launaþróun á samningstímanum og krefjist leiðréttigar við næstu samningsgerð af þeirri ástæðu.

Samkvæmt samkomulaginu skal árlega bera saman launaþróun fjögurra hópa opinberra starfsmanna, þ.e. félagsmanna ASÍ og BSRB hjá ríki og sveitarfélögum, við launaþróun félagsmanna ASÍ á almennum vinnumarkaði. Fyrsta mat skuli fara á grundvelli þróunar frá nóvember 2013 til nóvember 2016.

Við samanburðinn er litið til breytinga á launakostnaði og tekið mið af launabreytingum og öðrum launakostnaðarbreytingum, þ.m.t. breytingum á lífeyrisréttindum

Viðfangsefnið snýst um að leggja mat á launaþróun félagsmanna aðildarfélaga ASÍ á almennum vinnumarkaði, samkvæmt mati Hagstofu Íslands, að viðbættri annarri umsaminni hækkun launakostnaðar, s.s. vegna iðgjalda í lífeyrissjóði eða annars starfsmannakostnaðar. Niðurstaðan fyrir almenna vinnumarkaðinn er síðan borin saman við sambærilega þróun framangreindra fjögurra hópa opinberra starfsmanna. Verði hún í óhag einhvers hinna fjögurra hópa sem um ræðir skulu starfsmenn í þeim hópi fá launahækkanir til að jafna muninn, en verði hún þeim í hag skal jafna það við næstu ákvarðanir

## Niðurstöður

### 1. Niðurstöður launaþróunartryggingar fyrir tímabilið 2013-2016

#### Vísitala reglulegra launa - nóvember ár hvert

	ASÍ			BSRB	
	Almennur	Ríki	Sv.fél.	Ríki	Sv.fél.
2013	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
2014	105,6	105,7	109,8	105,0	108,8
2015	115,2	113,3	114,6	113,8	113,9
2016	125,4	125,5	133,1	125,8	131,3

Hækkun reglulegra launa	25,4%	25,5%	33,1%	25,8%	31,3%
Framlag launagreiðenda til lsj. <sup>1</sup>	3,24%	1,35%	1,34%	1,35%	1,34%
Framlag í orlofssjóð 2016 <sup>2</sup>				0,16%	0,06%
Leiðréttig 2014 v. samnings 2011 <sup>3</sup>			-1,8%		-1,8%
Hækkun kostnaðarvísitölu alls	29,4%	27,2%	32,5%	27,7%	30,7%
<b>Frávik frá ASÍ-Almennur, %</b>	<b>0,0%</b>	<b>-1,8%</b>	<b>2,3%</b>	<b>-1,3%</b>	<b>1,0%</b>

1. Samkvæmt kjarasamningi SA og aðildarfélaga ASÍ, dags. 21. janúar 2016 hækkar lífeyrisframlag launagreiðenda úr 8,0% í 11,5% á árunum 2016-2018. Í útreikningum er öll 3,5% hækjunin (3,24% kostnaðarhækkun) látin falla á ASÍ-Alm. árið 2016. Opinberir launagreiðendur greiða ígildi viðbótariðgjalds til að standa undir lögbundnum lífeyrisréttindum sem metið er til 1,5% álegs

kostnaðarauka og er einnig látið falla á árið 2016. 1,5% kostnaðarhækkun (1,34% eða 1,35%) nær einnig til félagsmanna ASÍ-sv.fél.

2. Aðildarfélög BSRB og fjármálaráðuneytið gerðu kjarasamning, dags. 28.10. 2015, um 0,2% hækkun á framlagi í orlofssjóð 2016. Áhrif á launakostnað eru metin 0,16%. Aðildarfélög BSRB og Reykjavíkurborg gerðu sams konar samning, dags. 13.11.2015, sem einnig er metinn til 0,16% kostnaðar en hann náði til 39% félagsmanna BSRB hjá sveitarfélögunum. Kostnaðarmatið verður því 0,06% (0,16%\*39%).

3. Leiðréttингin snýr að félagsmönnum ASÍ og BSRB í starfi hjá sveitarfélögum, öðrum en Rvk., og byggir á samkomulagi frá 4.11.2015 milli aðila rammasamkomulagsins. Launahækkunin sem dredst frá var 3,0% og kom til framkvæmdir í mars 2014. Vægi félagsmanna ASÍ hjá sveitarfélögum öðrum en Rvk. er 59% og vægi félagsmanna BSRB er 61%. Leiðréttинг til frádráttar hjá ASÍ-sv.fél. er því -1,8% (-3,0%\*59%) og BSRB-sv.fél. einnig -1,8% (-3,0%\*61%).

2. Áhrif launaþróunartryggingar á frekari hækkanir

Gildistími samninga og rammasamkomulags um sameiginlega launastefnu eru til sama tíma eða ársloka 2018. Samningar ríkis og sveitarfélaga gilda nokkrum mánuðum lengur. Launaskriðstrygging hefur ekki áhrif á umsamdar launahækkanir innan ofangreinds samningstímabils.

- a. Við mat á áhrifum hverrar mælingar skal litið til heildarsamningstímabilsins frá nóvember 2013 til tímapunkts mælingar.
- b. Samningsaðilar skulu útfæra sín á milli hvernig launaauki sem kann að koma til vegna launaskriðstryggingar verði ráðstafað.
- c. Ef í ljós kemur, við mælingu á launakostnaðarvísitölum hjá ríki og sveitarfélögum við lok samningstímabils, að þær hafi hækkað umfram sambærilega vísitölu fyrir almennan vinnumarkað skal samið um það við næstu samningsgerð hvernig það verði jafnað á næsta samningstímabili.
- d. Verði ekki samið um framhald launaþróunarviðmiða við næstu kjarasamninga kemur c-liður ekki til framkvæmda.


Reykjavík, 21. desember 2017




F.h. Alþýðusambands Íslands



F.h. Samtaka atvinnulífsins



F.h. Bandalags starfsmanna ríkis og bæja



F.h. fjármála- og efnahagsráðherra



F.h. Reykjavíkurborgar



F.. Sambands íslenskra sveitarfélaga